

Fundargerð

Húsfundur, 19. desember 2023, kl. 17:30

Hamraborgarráð

Fundarstaður: Catalina bar, Hamraborg 11.

Fundarmenn skrá nöfn sín á mætingalista (fylgiskjal 1). Mættir voru eigendur eða umboðsmenn fyrir alls 86 eignahluta af 232 í Hamraborg 14-38 og Kópavogsbæ sem á 50 bílastæði.

Fundur settur kl. 17:30.

Guðmundur Garðar, formaður húsfélagsins, býður fundarmenn velkomna. Garðar talaði vongóður um að allir fundarmenn væru búnir að kynna sé málið vel, enda sé þetta í þriðja skiptið sem verið er að funda um þetta mál. Búið væri að dreifa upplýsingablaði um aðgangastýringarkerfið, aðdragandi þess og rökstuðningi fyrir því og einnig drögum að samningi við Green Parking tímanlega fyrir fundinn 12. desember. Einnig væri fundargerð þess fundar komin inná mínar síður hjá Eignarekstri sem allir þinglýstir eigendur hafa aðgang að. Garðar leggur til að Oddur Ragnar frá Eignarekstri verði kjörinn fundarstjóri og fundaritari og er það samþykkt einróma og enginn á móti. Sérstaklega farið yfir boðun fundarins og engar athugasemdir gerðar við hana svo fundarstjóri lýsir yfir löglega settum húsfundi húsfélags Hamraborgarráðs.

1. Tillaga stjórnar

Fundastjóri fór yfir það hvernig þetta verkefni hefur gengið fyrir sig og að málið hafi verið til umræðu á tveimur húsfundum á undan þessum. Ekki náðist lagaleg lágmarks þátttaka á síðasta fundi. Í kjölfarið var boðað aftur til fundar innan 14 daga. Tillögunni til grundvallar þarf að liggja fyrir fundargerð löglega boðaðs húsfundar, mæting a.m.k. helmings eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta, og 2/3 fundarmanna að vera samþykkir tillögunni, ella þarf að boða til annars fundar innan 14 daga, eins og áður segir. Í tilvikum sem þessum, þar sem boðað er til aukafundar, þá ráða þeir niðurstöðunni sem mæta. Ekki þarf mætingu 50% hluta hússins lengur heldur að 2/3 þeirra sem mæta kjósi með tillögunni.

Katrín Sverrisdóttir tók til máls og kynnti í stuttu máli Green Parking.

Fundastjóri opnaði fyrir umræður:

Eignarekstur ehf. eignarekstur@eignarekstur.is kt. 471215-1470
Krókháls 5A. 2 hæð, 110 Reykjavík. Sími: 566-5005

Elínborg tók til máls og ítrekaði að hún hafi búið lengi í húsinu og fullyrti einnig að Kópavogur ætti ekki 50 stæði umfram þau stæði sem fylgja íbúðum bæjarfélagsins. Garðar svaraði þessu og færði rök fyrir þessum stæðum og árétti að málið hafi verið kannað af lögmanni húsfélagsins undanfarna mánuði.

Hjalti ræddi að framkvæmdir í Fannborg væru notaðar sem hræðsluáróður fyrir aðgangsstýringarkerfinu. Garðar svaraði því að tilgangur verkefnisins sé aðallega að auka aðgengi íbúa að sínum bílastæðum og fæla frekar frá aðra sem væru að nýta þessi stæði án raunverulegrar aðkomu að húsfélaginu.

Kristín Helga Hamraborg 32 og 14 óskaði eftir að fundarstjóri læsi upp bókun (Fylgiskjal 2). Garðar tók til máls og þakkaði Kristínu Helgu fyrir og vísaði til þess að þetta efni hefði verið ítarlega tekið fyrir á síðasta fundi 12. desember 2023 ásamt möguleikum þess og að viðhorf stjórnar væri óbreytt.

Spurning úr sal hver kostnaður húsfélagsins yrði tengt þessum leigusamning. Garðar og Katrín fullvissuðu fundarmenn um að enginn kostnaður muni falla á húsfélagið komi til þess að þessi tillaga verði samþykkt. Einnig er engin áhættuþáttur sem liggur á húsfélaginu, áhættan sé öll hjá Green Parking.

Umræður voru líflegar og ýmis konar skoðanir hafðar uppi, meðan annars varðandi lélega umgengni í bílakjallaranum.

Einar húsvörður talaði um erfiði þess að eltast við eigendur bíla sem geymdir eru til langs tíma og hafa ekki rétt til. Með tilkomu kerfisins myndi þetta verða úr sögunni. Þetta samstarf væri eina leiðin til að laga ástandið í bílakjallaranum sem kostar ekki eigendur hundruði þúsunda.

Fjallað var einnig um hættur í bílakjallaranum sem og vopnuð rán og þjófnað. Fólk er sammála um að hreinlegra útlit á bílakjallaranum myndi minnka svona hegðun. Með innkomu tekna úr aðgangsstýringarkerfinu myndi útlit fara skánandi.

Fundarstjóri las upp tillögu stjórnar:

Stjórn óskar eftir umboði til að gera leigusamning við Green Parking um leigu á hluta af bílakjallara og bílastæðum og mun Green Parking setja upp bílastæðakerfi til að stýra aðgangi og sjá um gjaldtöku á lausum bílastæðum.

Formaður, fundarstjóri og Katrín töldu uppréttar hendur í sitthvoru lagi til að tryggja rétta talningu.

Samtals greiddu 68 eignarhlutar og Kópavogsbær sem á 50 bílastæði, þ.e.a.s. 118 atkvæði með tillögunni og 17 eignarhlutar greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Fundastjóri kynnti niðurstöðu kosningar og lýsti yfir að tillaga stjórnar hafði verið samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta, eða með 87.4% atkvæða.

Önnur mál:

- Fyrirspurn úr sal um það hvort hægt sé að setja hlið á kjallara hússins. Formaður vitnaði í Ara, starfsmann Kópavogsbæjar, um að bærinn hafi ekki verið hrifin af þeirri hugmynd þar sem bærinn hafi lengst af túlkað gatnakerfi bílakjallarans sem hluta af gatnakerfi bæjarfélagsins. Þessi túlkun hafi breyst og bærinn sé almennt kominn á þá skoðun að það þurfi að halda þessum kjallara við og það krefjist umsjónar og eftirlits.

Engin önnur mál lögð fram

Upprifjun fundarefnis og samþykktir.

Fundi slitið kl. 19:07



Eignarekstur ehf
Kt.471215-1470
eignarekstur@eignarekstur.is
s.566-5005 / Pósthólf 228

Fundastjóri / Fundarritari

Fylgiskjöl fundagerðar: Fundarboð, mætingarlisti. Bókun Kristínar Helgu.

FUNDARBOÐ

Hér með er boðað til húsfundar í húsfélaginu Hamraborgarráðinu, Hamraborg 14-38, Kópavogi

Fundarstaður: Catalina veitingahús, Hamraborg 11, Kópavogi

Fundartími: Þriðjudagurinn 19. desember 2023 kl. 17:30

Fundarefni:

1. Setning fundar og val á fundarstjóra og fundarritara.
2. Umræða og ákvörðunartaka um að gera leigusamning við Green Parking um leigu á hluta af bílakjallara og bílastæðum og mun Green Parking setja upp bílastæðakerfi til að stýra aðgangi og sjá um gjaldtöku á lausum bílastæðum.

Á fundinum verður borin aftur upp svohljóðandi tillaga sem atkvæði voru greidd um á húsfundu 12. desember 2023:

„Tillaga stjórnar: Að samþykkt verði að Hamraborgarráðið gera 3ja ára leigusamning við Green Parking um leigu á hluta bílastæða í bílakjallaranum og setji upp og stýri bílastæðakerfi.“

Á húsfundinum 12. desember sl. voru mættir eigendur eða umboðsmenn fyrir samtals 80 eignarhluta af 232 í Hamraborg 14-38 og fyrir Kópavogsbæ sem á 50 bílastæði. Samtals 68 eignarhlutar og Kópavogsbær sem á 50 bílastæði greiddu atkvæði með tillögunni en 11 eignarhlutar greiddu atkvæði gegn tillögunni. Stjórn Hamraborgarráðsins telur að samþykki 2/3 hluta eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta þurfi að greiða atkvæði með tillögunni. Þegar um er að ræða ákvarðanir sem 2/3 hluta eigenda þurfa að samþykkja bæði miðað við fjölda og eignarhluta verður a.m.k. helmingur eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta að vera á fundi og tilskilinn meiri hluti þeirra að greiða atkvæði með tillögu. Ef fundarsókn er ekki nægileg samkvæmt þessu skilyrði en tillagan þó samþykkt með 2/3 hluta atkvæða á fundinum bæði miðað við fjölda og eignarhluta þá skal innan 14 daga halda nýjan fund og bera tillöguna aftur upp á honum. Getur sá fundur tekið ákvörðun án tillits til fundarsóknar og fái tillagan tilskilinn meiri hluta (2/3) á fundinum telst hún samþykkt.

Þar sem fundarsókn var ekki nægileg á fundinum 12. desember sl. en tillagan þó samþykkt með 2/3 hlutum atkvæða á fundinum bæði miðað við fjölda og eignarhluta er nú boðað til nýs fundar sem haldinn er innan 14 daga frá þeim fundi og tillagan borin upp aftur.

3. Önnur mál.
4. Fundargerð lesin og leiðrétt.
5. Fundi slitið.

Við viljum ítreka mikilvægi þess að þeir sem ætla sér að mæta á fundinn fyrir hönd annars aðila komi með skriflegt umboð meðferðis. Slíkt umboð má finna á vefsíðu Eignareksturs.

Samkvæmt dagskrá verður mikilvægt mál tekið fyrir á fundinum til umræðu og ákvörðunar og er hér með eindregið skorað á eigendur að mæta á fundinn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í ákvörðun.

Fundur þessi er boðaður í samræmi við ákvæði fjöleignahúsalaga nr. 26/1994 og verður fundurinn haldinn samkvæmt fyrir mælum þeirra. Fundarboð þetta er hengt upp í sameign, sent í pósti til þeirra félagsmanna sem óskað hafa sérstaklega eftir því að fá fundarboðið sent á annað heimilisfang eða með tölvupósti þann dag sem að neðan greinir.

Kópavogur 14. desember 2023

Fyrir hönd stjórnar húsfélagsins Hamraborgarráð, húsfélag

Bókun

Lögð fram á húsfundi í húsfélaginu Hamraborgarráðinu,
Hamraborg 14-38 Kópavogi, dags. 19. desember 2023.

Undirrituð, eigendur að eignarhluta Hamraborg 14 nr. 206-1221 og Hamraborg 32 nr. 206-1369 viljum leggja fram bókun um mótmæli vegna fyrirhugaðrar atkvæðagreiðslu um tillögu stjórnar í húsfélagi Hamraborgarráðsins þess efnis að samþykkt verði að ráðið geri 3ja ára leigusamning við Green Parking um leigu á hluta bílastæða í bílakjallara í sameign, setji upp og stýri bílastæðakerfi og sjái um gjaldtöku á lausum bílastæðum, sbr. lið 2 í fundarboði dags. 14. desember 2023.

Undirrituð á sem séreignareigendur í húsfélaginu, eins og aðrir eigendur, óskoraðan rétt til hagnýtingar sameign sbr. 34. gr. fjöleignarhúsalaga nr. 26/1994. Meginregla í fjöleignarhúsalaga kveður á um að sameign fjöleignarhúss verði ekki ráðstafað eða hagnýtingu þess breytt með samningi nema allir eigendur séu þess samþykki, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna. Byggist þessi meginregla á því að húsfélagið á ekki sameignina heldur eigendur, eftir hlutfallstölum. Húsfélagið er ekki milliliður í því efni og eignarréttur eigenda er beinn og milliliðalaus. Húsfélagið er aðeins rekstraraðili en ekki eignarréttaraðili. Þar sem húsfélag á ekkert í sameigninni, heldur eigendurnir, gildir því almennt að húsfélagið getur ekki ráðstafað eign sem það á ekki. Þrátt fyrir að húsfélögum sé fengin þröng heimild til að selja eða leigja óverulegan hluta sameignar er slík regla undantekningarregla sem ber að túlka afar þröngt.

Að mati undirritaðra felur tillaga stjórnar Hamraborgarráðsins, um að setja upp aðgangsstýringu að bílastæðum í sameign, leigja út hluta af bílakjallara og bílastæðum sem nú eru í sameign og hefja gjaldtöku vegna þeirra, án nokkurs vafa í sér verulega breytingu á hagnýtingu sameignar og skiptingu bílastæða, sbr. 2. mgr. 33. gr. fjöleignarhúsalaga. Um ákvarðanir að þessu tagi gildir sú regla að samþykki þurfi frá öllum eigendum, sbr. einkum 2., 5., 7. og 8. tl. A-liðar 1. mgr. 41. gr. fjöleignarhúsalaga. Í fundarboði stjórnar kemur fram að til standi að greiða atkvæði um tillögu stjórnarinnar eins og um að um mál sem varðar 1. eða 4. tl. B-liðar 1. mgr. 41. gr. laganna og að því þurfi einungis samþykki 2/3 hluta eigenda. Þessu mótmæla undirrituð með vísan til áður tilgreindra ákvæða laga um fjöleignarhús, enda er ekki um að ræða óverulega breytingu á hagnýtingu sameignar.

Undirrituð telja að húsfélagið hafi ekki umboð né heimild til þess að taka ákvörðun um þann lið sem er til umfjöllunar á fundinum. Um sé að ræða ráðstöfun sem allir eigendur verði að vera sammála um og ljóst er að samþykki allra liggur ekki fyrir.

Verði tillagan, þrátt fyrir framangreint, samþykkt á fundinum áskija undirrituð sér rétt til að leggja fram kæru til úrskurðarnefndar fjöleignarhúsamála. Þar sem bókun þessi er lögð fram áður en fyrirhuguð atkvæðagreiðsla fer fram er gerður áskilnaður um að undirrituð fari fram á endurgreiðslu útlagðs kostnaðar, svo sem vegna lögfræðiráðgjafar, vegna kærunnar úr hendi húsfélagsins falli úrskurður henni í vil.

Kópavogur, 19. desember 2023

Kristín Guðmundsdóttir, kt. 270658-6799

Jón Pétur Pétursson, kt. 260354-5589

LEIGUSAMNINGUR

LEIGUTAKI

Green Parking ehf.

LEIGUSALI

Hamraborgarráðið

Des 2023

Leigusamningur þessi (hér eftir „leigusamningur“) er

MILLI

- (1) Green Parking ehf., kt. 550986-1599, Askalind 1, 201 Kópavogi (hér eftir „leigutaki“), og
- (2) Hamraborgarráðið, kt. 640892-2189 (hér eftir „leigusali“).

Saman skulu leigutaki og leigusali nefndir „aðilar“ og hvor um sig „aðili“.

1. HIÐ LEIGÐA – skilgreining á svæðinu

- 1.1. Hið leigða er hluti af bílageymslu allra eigna að Hamraborg 14-38, Kópavogi, landnr. 114531 n.t.t. bílastæði í bílakjallaranum. Í bílakjallaranum eru 270 ómerkt bílastæði og fylgir 1 bílastæði hverri íbúð, 11 bílastæði fylgja verslunum og Kópavogsbær á 50 bílastæði. Í stað þess að afmarkað sé hvaða bílastæði eru leigð er gert ráð fyrir að um leigu á óverulegum hluta bílakjallarans sé að ræða eða sem nemur að jafnaði innan við 20% bílastæða. Um er að ræða réttindi til stýringar og gjaldtöku á lausum bílastæðum í bílakjallaranum.
- 1.2. Nánari afmörkun á hinu leigða er gerð í mynd I í viðauka I við leigusamning þennan sem skal vera órjúfanlegur hluti samningsins.

2. LEIGUTÍMI OG FORGANGSRÉTTUR

- 2.1. Hið leigða er afhent leigutaka til umráða þann 1. febrúar 2024. (afhendingardagur).
- 2.2. Leigusamningur þessi er tímabundinn til 3ja ára og hefst leigutími við afhendingu hins leigða 1. febrúar 2024 og lýkur 31. janúar 2027.
- 2.3. Leigutaki hefur forgangsrétt að hinu leigða eftir að umsömdum leigutíma lýkur eftir því sem kveðið er á um í grein þessari. Óski leigutaki þannig eftir áframhaldandi leigu í lok leigutíma skal hann lýsa þeirri ósk sinni a.m.k. 6 mánuðum áður en húsaleigusamningi lýkur. Skulu aðilar þá freista þess að ná samkomulagi um efni nýs leigusamnings, enda hyggist leigusali leigja hið leigða út áfram. Náist ekki slíkt samkomulag a.m.k. einum mánuði áður en húsaleigusamningi lýkur fellur forgangsréttur leigutaka niður.

3. STARFSEMI LEIGUTAKA

- 3.1. Hið leigða er leigt til reksturs og stýringu gjaldskyldra bílastæða og tengdrar þjónustu. Leigutaka er óheimilt að nýta húsnæðið, sameiginleg rými eða lóð þess til annarrar starfsemi sem ekki samræmist þeirri notkun, nema með samþykki leigusala.
- 3.2. Leigutaki skal annast og veita notendum þjónustu, er lýtur að innheimtu bílastæðagjalda á hinu leigða og tryggja virkni á kerfinu og greiða allan kostnað við þjónustuna. Í þjónustunni felast enn fremur eftirfarandi þættir:
 - a) Búnaðurinn fyrir bílastæðakerfið og viðhald hans
 - i. Myndavélar til þess að greina númeraplötur ökutækja

- ii. Greiðsluvél ef leigutaki telur slíkt nauðsynlegt
 - iii. Annar nauðsynlegur búnaður því tengt
- b)** Vinna við uppsetningu og rekstur búnaðar
- i. Uppsetning á myndavélum, greiðsluvél og öðrum tengdum búnaði og viðhald og rekstur
 - ii. Vinna við stillingar og forritun bílastæðakerfis sem og viðhald og rekstur, þ.m.t. hugbúnaðaruppfærslur sjá viðauka II um virkni kerfisins.
- c)** Önnur þjónusta
- i. Hugbúnaðargjöld vegna bílastæðakerfis
 - ii. Leiga á posum fyrir greiðsluvélar
 - iii. Bankagjöld vegna innheimtu
 - iv. Uppflettingar í bifreiðaskrá Samgöngustofu, þegar við á
 - v. Vinna þjónustuvers
 - vi. Vinna við heimasíðu GP
 - vii. Innheimta bílastæðagjalda og útsending á vangreiðslugjöldum
 - viii. Halda utan whitelista/hvítilista en um er að ræða lista yfir þau bílnúmer sem ekki eiga að greiða bílastæðagjöld en hver íbúð á rétt á einu gjaldfrjálsu stæði á þeim tíma sem rukkað er, verðslanir 11 og Kópavogsbær 50 en stjórn leigusala eða húsfélagþjónusta leigusala skal sjá um að senda leigutaka upplýsingar hverjir eiga að vera á listanum og um breytingar á honum.
 - ix. Almenn viðhald á búnaði og rekstur hans, þ.m.t. hugbúnaðaruppfærslur
 - x. Upplýsingum er safnað saman á grundvelli bílnúmeragreiningar.
 - xi. Leigutaki skal gæta þess að öll söfnun, vinnsla og varðveisla persónuupplýsinga séu í samræmi við persónuverndarlög nr. 90/2018, sbr. síðari breytingar.

3.3. Leigutaki skal tryggja að starfsemi hans sé ávallt í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Leigutaka ber að afla þeirra leyfa sem nauðsynleg eru fyrir starfsemi hans í hinu leigða og greiða fyrir þau.

4. LEIGUKJÖR

Leigufjárhæð byggir á þeim tekjum sem Green Parking fær af innheimtu og rekstri bílastæða og miðast við eftirfarandi forsendur:

4.1 Veltutengda leigan sem Green Parking greiðir er reiknuð þannig: Leigutaki skuldbindur sig til að greiða leigu sem nemur 50% hlutfalli af tekjum leigutaka af innheimtu bílastæðagjalda samkvæmt bílastæðakerfinu vegna hins leigða og til viðbótar bætist við leiguna 30% af innheimtum vangreiðslugjöldum að frádregnum kostnaði.

4.2 Leigugjaldið getur breyst á tímabilinu en sameiginlegur ávinningur er að leigugjaldið taki mið af eftirspurn og framboði. Aðilar koma sér saman í upphafi hvert leigugjald er fyrir hverja klukkustund. Leigugjaldið verði endurskoðað reglulega með tilliti til framboðs og eftirspurnar og sambærilegra gjaldskráa annarra bílakjallara og bílastæða nærliggjandi svæða.

3. Að bílastæði verði gjaldskyld til að byrja með alla virka daga frá kl. 08.00 – 18.00 og laugardaga frá kl. 10.00 – 16.00.

4. Vangreiðslugjald getur breyst á tímabilinu í samræmi við breytingar á gjaldskrá annarra bílakjallara og bílastæða. Aðilar koma sér saman í upphafi hvert vangreiðslugjaldið er.
5. Leigan skal greidd á gjalddaga, mánaðarlega, í fyrsta sinn 15. maí 2024, fyrir apríl 2024. Leigugreiðslur skulu vera án virðisaukaskatts.
6. Leigutaki skal eigi síðar en 10. dag hvers mánaðar senda leigusala upplýsingar yfir heildarveltu í hinu leigða í nýliðnum mánuði. Leigutaki skal skila upplýsingum um veltu vegna tekna af innheimtu bílastæðagjalda og vanskilagjalda í gegnum þjónustuvef/e-mail tengiliðs leigusala.
7. Leigusali skal eiga rétt á því að fá staðfestingu frá endurskoðanda leigutaka á því að greidd leiga samræmist framangreindum viðmiðum. Slík staðfesting skal veitt leigusala samhliða leigugreiðslum, eða eftir þörfum.
8. Leigusali skal stofna kröfu í banka vegna framangreindrar leigu og skal kostnaður vegna þess taka mið af reglum bankastofnana á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast á ógreidda leigu frá gjalddaga.
9. Reikningar skulu gefnir út og sendir leigutaka eða þann sem sér um fjármál Hamraborgaráðs nú Eignarekstur ehf. á rafrænu formi, annað hvort í gegnum rafræna skeytamiðlun eða með tölvupósti á netfang leigutaka og netfang tengiliðs Eignarekstrar þ.e. oddur@eignarekstur.is. Leigutaki ber ábyrgð á því að veita leigusala réttar upplýsingar svo hægt sé að tryggja réttan sendingarmáta reikninga.

5. ÁSTAND HINS LEIGÐA

- 5.1. Hið leigða leigist undir starfsemi leigutaka, sbr. 3.1 gr. samningsins og viðauka I við samninginn, í sínu núverandi ástandi sem leigutaki hefur kynnt sér og gerir ekki athugasemdir við. Leigutaka er óheimilt að hefja framkvæmdir við breytingar á hinu leigða nema að fengnu samþykki leigusala. Leigusali veitir leigutaka aðgang að neti og rafmagni.
- 5.2. Leigutaki mun sjálfur útvega og setja upp allan búnað í tengslum við fyrirhugaða starfsemi hans í hinu leigða.

6. VIÐHALD, ENDURBÆTUR OG BREYTINGAR

- 6.1. Leigusali annast á sinn kostnað eðlilegt viðhald, viðgerðir og endurnýjun á hinu leigða eftir almennum reglum m.a. malbik, bílastæðamerkingar, kantsteina, málun, loftræstingu og aðrar framkvæmdir á fasteigninni.
- 6.2. Leigutaki skal annast á sinn kostnað allt viðhald á búnaði, greiðslustöðvum, greiðsluvélum, talningarvélum og öðru því sem viðkemur rekstri leigutaka.
- 6.3. Skilti og merkingar vegna starfsemi leigutaka skulu sett upp og staðsett í samráði við leigusala. Skriflegt samþykki getur t.d. talist vera á tölvupóstformi. Leigutaki skal taka skilti og merkingar niður á sinn kostnað við lok leigutíma nema leigusali

samþykki annað. Gerð skilta og merkinga, viðhald, uppsetning og niðurtaka er alfarið á kostnað leigutaka.

7. REKSTRARKOSTNAÐUR

- 7.1. Leigusali skal greiða af hinu leigða húsnæði opinber gjöld og skatta, þ. á m. fasteignagjöld, holræsagjald, iðgjöld brunatrygginga og lóðarleigu. Leigusali skal jafnframt greiða vatn, hita og rafmagn af hinu leigða.
- 7.2. Leigutaki greiðir rekstrarkostnað af búnaði og rekstri þess eins og leigu á posum, hugbúnaðargjöld, uppfletting í bifreiðaskrá, bankagjöld, þjónustuver, heimasíðu o.fl.

Séu rafhleðslustöðvar hluti af þjónustu skulu aðilar semja sérstaklega um rekstur, gjöld og tekjur af stöðvunum.

8. VANEFNDIR

- 8.1. Verði vanskil á leigugreiðslum eða leigutaki vanefnir á verulegan hátt samning þennan leigusala heimilt að rifta samningi þessum að undangenginni sérstakri áskorun til leigutaka. Með áskorun leigusala skal leigutaka veittur 7 daga frestur til úrbóta.

9. TRYGGINGAR

- 9.1. Leigusali sér um að vátryggja hið leigða hvað lögboðna bruna- og húseigandatryggingu fasteigna varðar.
- 9.2. Leigutaka ber sjálfum að annast allar vátryggingar er tengjast starfsemi hans í hinu leigða svo sem t.d. lausafjártryggingu sem og að ábyrgða tryggja sig fyrir tjóni, er hann eða starfsfólk hans kann að valda.

10. FRAMLEIGA / FRAMSAL

- 10.1. Leigutaka skal vera óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur, að hluta eða öllu leyti, til þriðja aðila, nema með sérstöku leyfi leigusala hverju sinni.

11. ANNAÐ

- 11.1. Samningsaðilar eru bundnir trúnaði um efni leigusamnings þessa. Að öðru leyti en í samningi þessum greinir gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 með síðari breytingum.

Um samning þennan gilda íslensk lög. Mál sem kunna að rísa vegna þessa samnings skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Reykjavík desember 2023

F.h. Hamraborgaráðsins

F.h. Green Parking ehf.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Nafn	Kennitala	
------	-----------	--


Nafn	Kennitala	
------	-----------	--

VIÐAUKI I
AFMÖRKUN Á HINU LEIGÐA OG VERÐFORSENDUR


Viðauki þessi er við leigusamning dags. _____desember 2023 milli Green Parking ehf. og Hamraborgaráðsins. Viðauki þessi telst órjúfanlegur hluti samningsins eins og hann er þar skilgreindur.


Mynd 1 er sýnir afmörkun og fjölda bílastæða ásamt staðsetningu búnaðar.

Hamraborg 14 - 38




ANPR Inn  Út 


Greiðsluvél 

Stjórnþúnaður 

Hamraborg 14 - 38



VÍÐAUKI II



Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 14	00 0101	206-1205	
	00 0102	206-1206	GGA - umbod
	00 0103	206-1207	
	00 0104	206-1208	
X	00 0201	206-1209	Einar Steinhilsson Fb Spjall
X	00 0202	206-1210	Jónas Jónsson
X	00 0203	206-1211	Arnur Steinn Þorsteinsson
X	00 0204	206-1212	Einar Stefánsson
	00 0205	206-1213	
	00 0301	206-1214	Guðbjörg Ragnheiða
	00 0302	206-1215	
	00 0303	206-1216	
X	00 0304	206-1217	Margrjet Arnau
	00 0305	206-1218	
X	00 0401	206-1219	M. elv. K. Þurkida UMBOÐ
umbod Elinborgar	00 0402	206-1220	GGA
X	00 0403	206-1221	Þorsteinn
X	00 0404	206-1222	Einar Steinhilsson
	00 0405	206-1223	Einar Steinhilsson KP Spjall
X	00 0501	206-1224	Guðbjörg Helgadóttir
	00 0502	206-1225	Ólafur Ólafsson

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 14 A	00 0101	206-1404	
	00 0102	206-1405	
	00 0103	206-1406	
	00 0104	206-1407	
	00 0105	206-1408	
	00 0106	206-1409	
	00 0201	206-1410	
	00 0202	231-5702	GGA - umbod
	00 0203	231-5703	
	00 0204	231-5704	

50 Stofni Kópavogsbjarjal
 umbod - Guðmundur Guðar Árnason

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 16	X 00 0101	206-1226	Freyr Jónsson
	X 00 0102	206-1227	Helga & Halda
	00 0103	206-1228	
	00 0104	206-1229	
	X 00 0201	206-1230	umbot Hjalt
	00 0202	206-1231	
	X 00 0203	206-1232	Sigrún Ingi meiddóttir
	00 0204	206-1233	
	00 0205	206-1234	
	X 00 0301	206-1235	Ólafur . umbot Helga
	X 00 0302	206-1236	Adnan Stasovic
	00 0303	206-1237	
	00 0401	206-1238	GGÁ-umbot
	00 0402	206-1239	
	00 0403	206-1240	GGÁ-umbot

Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 18	00 0101	206-1241	GGA-umbod
	00 0102	206-1242	
	00 0103	206-1243	GGA-umbod
X	00 0201	206-1244	GGA-umbod
	00 0202	206-1245	
	00 0203	206-1246	GGA-umbod
	00 0204	206-1247	
-	00 0301	206-1248	GGA - umbod
	00 0302	206-1249	
	00 0303	206-1250	
	00 0304	206-1251	GGA - umbod
	00 0401	206-1252	
	00 0402	206-1253	
	00 0403	206-1254	GGA-umbod
	00 0404	206-1255	GGA-umbod
X	00 0501	206-1256	GGA-umbod
-	00 0502	206-1257	GGA-umbod
	00 0503	206-1258	GGA - umbod
	00 0504	206-1259	GGA-umbod
X	00 0601	206-1260	umbod Olafur
-	00 0602	206-1261	B/A
	00 0603	206-1262	
	00 0604	206-1263	
/	00 0701	206-1264	B/A
X	00 0702	206-1265	skilning af þingskrá
	00 0703	206-1266	
	00 0704	206-1267	
	00 0801	206-1268	GGA - umbod
	00 0802	206-1269	
	00 0803	206-1270	GGA-umbod
X	00 0804	206-2171	umbod Hafden

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 20	00 0101	206-1272	
	00 0102	206-1273	
	00 0201	206-1274	GGA-umbod
	00 0202	206-1275	GGA-umbod
	00 0203	206-1276	GGA-umbod
X	00 0301	206-1277	Lugli Þór Sævi
	00 0302	206-1278	
X	00 0303	206-1279	Johanne Stefanie

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 20A	00 0101	206-1412	
X	00 0102	223-3481	Hjalte Sig umbod
X	00 0103	223-3482	Guðrún Þ.
X	00 0104	223-3483	Guðrún Þ.
X	00 0105	223-3484	Guðrún Þ.
	00 0201	206-1413	
	00 0202	223-3485	
X	00 0203	223-3486	Guðrún Þ.
X	00 0204	223-3487	Guðrún Þ.

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 22 X	00 0101	206-1280	<i>[Signature]</i>
X	00 0102	206-1281	<i>[Signature]</i>
	00 0201	206-1282	
	00 0202	206-1283	
	00 0203	206-1284	
	00 0301	206-1285	
	00 0302	206-1286	
X	00 0303	206-1287	<i>Hjalte Hjalte S13</i>

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 24	00 0101	206-1288	
	00 0102	206-1289	
	00 0201	206-1290	
	00 0202	206-1291	
	00 0203	206-1292	
	00 0301	206-1293	
	00 0302	206-1294	
X	00 0303	206-1295	<i>Hone tempiche El Bedaney</i>

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 26	00 0101	206-1296	
	00 0102	206-1297	
	00 0103	206-1298	
	00 0104	206-1299	
	00 0201	206-1300	
	00 0202	206-1301	
	00 0203	206-1302	GGA-umbod
	00 0204	206-1303	
	00 0301	206-1304	GGA-umbod
	00 0302	206-1305	
	00 0303	206-1306	
	00 0304	206-1307	GGA-umbod
	00 0401	206-1308	OB
	00 0402	206-1309	
	00 0403	206-1310	
	00 0404	206-1311	Andri Tórksson
	00 0501	206-1312	GGA-umbod
	00 0502	206-1313	
	00 0503	206-1314	
	00 0504	206-1315	
	00 0601	206-1316	
	00 0602	206-1317	
	00 0603	206-1318	Andri
	00 0604	206-1319	
	00 0701	206-1320	
	00 0702	206-1321	
X	00 0703	206-1322	Þorbjörg Benedikts.
	00 0704	206-1323	
	00 0801	206-1324	
	00 0802	206-1325	
	00 0803	206-1326	
	00 0804	206-1327	

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 28	00 0101	206-1328	
	00 0102	206-1329	
	00 0103	206-1330	
	00 0201	206-1331	
	00 0202	206-1332	GGA-umbod
	00 0203	206-1333	
	00 0301	206-1334	
	00 0302	206-1335	
	00 0303	206-1336	

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 30	00 0101	206-1337	
	00 0102	206-1338	
	00 0103	206-1339	
	00 0201	206-1340	
	00 0202	206-1341	
	00 0203	206-1342	
	00 0204	206-1343	
	00 0301	206-1344	
	00 0302	206-1345	GGA-umbod
	00 0303	206-1346	GGA-umbod
	00 0304	206-1347	

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
<u>Hamraborg 32</u>	00 0101	206-1348	
	00 0102	206-1349	
	00 0201	206-1350	
	00 0202	206-1351	
	00 0203	206-1352	
	00 0204	206-1353	
	00 0301	206-1354	
	00 0302	206-1355	
	00 0303	206-1356	
	00 0304	206-1357	GAGA-umbod
	00 0401	206-1358	
	00 0402	206-1359	
	00 0403	206-1360	
	00 0404	206-1361	
	00 0501	206-1362	
	00 0502	206-1363	
	00 0503	206-1364	
	00 0504	206-1365	
	00 0601	206-1366	
	00 0602	206-1367	
	00 0603	206-1368	
x	00 0604	206-1369	<i>[Handwritten signature]</i>
	00 0701	206-1370	
	00 0702	206-1371	
	00 0703	206-1372	
	00 0704	206-1373	
	00 0801	206-1374	<i>[Handwritten signature]</i>
	00 0802	206-1375	<i>[Handwritten signature]</i>
	00 0803	206-1376	
	00 0804	206-1377	

Umboð

Ég, Jónína Þórarinn, kt. 1806462139, eigandi að eignarhluta nr. 2A, að heimilisfangi Hamnsberg 14 veiti hér með,

Einar Stefánsson
Nafn og kennitala umboðshafa

fullt og ótakmarkað umboð til að mæta á húsfélagsfund fyrir mína hönd, dags. 18/12 2023 í ofangreindu fjöleignarhúsi, og fara þar með atkvæðisrétt fyrir mína hönd sem og taka þátt í öðrum fundarstörfum í mínu umboði. Skal umboðsmaðurinn í störfum sínum gæta hagsmuna minna í hvívetna vegna þeirra mála sem hagsmunagæsluna snerta. Allt sem umboðshafi gerir skv. umboði þessu skal jafngilt og að umboðsgjafi sjálfur hafi gert það.

Umboðsgjafi, Jónína Þórarinn

1806462139
Nafn og kennitala

Vottar að undirritun, dagsetningu og fjárræði:

180202574749
Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 34	00 0101	206-1378	
	00 0102	206-1379	
	00 0103	206-1380	
	00 0201	206-1381	
	00 0202	206-1382	
	00 0203	206-1383	
	00 0301	206-1384	
	00 0302	206-1385	
	00 0303	206-1386	GGÁ-umbod
	00 0401	206-1387	GGÁ-umbod
	00 0402	206-1388	
	00 0403	206-1389	

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 36	00 0101	206-1390	
	00 0102	206-1391	
	00 0103	206-1392	
	00 0104	206-1393	GGÁ-umbod
	00 0201	206-1394	
	00 0202	206-1395	GGÁ-umbod
	00 0203	206-1396	
	00 0204	206-1397	
	00 0301	206-1398	GGÁ-umbod
x	13 0302	206-1399	Compartic Flögu VM
	00 0303	206-1400	GGÁ-umbod
x	00 0304	206-1401	Eller Andri

Mætingalisti húsfundar Hamraborgarráðs haldinn 19.12.2023



Húsfélag	Íbúð nr.	Fasta nr	Undirskrift
Hamraborg 38	00 0001	225-1023	
	00 0101	206-1190	
	00 0102	206-1191	
X	00 0103	206-1192	umbod slepa
	00 0201	206-1193	GGA-umbod
	00 0202	206-1194	
	00 0203	206-1195	
X	00 0204	206-1196	Umbod fyrir [handwritten signature]
X	00 0301	206-1197	Adrian [handwritten signature]
	00 0302	206-1198	
	00 0303	206-1199	
	00 0304	206-1200	
	00 0401	206-1201	GGA-umbod
	00 0402	206-1202	
-	00 0403	206-1203	Jos' þar
X	00 0404	206-1204	

[HUS-40559] Fundur í Hamraborgarráði 19. desember 2023. Stofnað: 18/des./23 Uppfært: 19/des./23

Staða:	Beiðni í vinnslu
Verkefni:	Húsfélagþjónusta
Íhlutir:	Engin
Villuútgáfur:	Engin
Úrlausnaútgáfur:	Engin

Gerð:	Support	Forgangur:	Medium
Tilkynnandi:	g.jul@21.is	Úthlutað:	Stella Valdís
Niðurstaða:	Óleyst	Atkvæði:	0
Merkí:	Engin		
Eftir af Áætlun:	Ekki Tilgreint		
Tíma Varið:	Ekki Tilgreint		
Upphafleg Áætlun:	Ekki Tilgreint		

Request Type:	✉ Emailed request
